

## Stjórnarfundur laugardaginn 23. febrúar 2019

Kl. 13:00 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

**Mættir á fund:** Jóhann Björnsson, formaður, Kristinn Theodórsson, Hope Knútsson, Þorsteinn Kolbeinsson, Sævar Finnbogason, Jens Ívar Jóhannson Albertsson, Júlía Linda Ómarsdóttir, Tómas Kristjánsson, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, Steinar Harðarson og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

### Dagskrá/Fundargerð

#### 1. Kynning stjórnar

Allir sem mættir voru á fundinn kynntu sig og sinn bakgrunn stuttlega.

#### 2. Tillaga formanns að framtíðarráð Siðmenntar

Jóhann lagði fram drög að tillögu um stjórn félagsins á komandi ári. Tillagan fylgir hér sem fylgiskjal.

Tómas velti upp möguleikanum að stofna til fulltrúaráðs til að vinna úr málum fortíðarinnar og veita stjórninni aðhald, með vísan í fyrirmynd um lög um hlutafélög.

Jens og Tómas vöktu báðir máls á nauðsyn þess að formfesta fleiri þætti í starfi félagsins í ljósi þess hve mikið félagið hefur stækkað undanfarin ár.

Flestir fundarmenn tóku til máls. Sævar vill ganga lengra og leita sátta í persónulegum deilum innan stjórnar, til að skapa vinnufrið.

Júlía tók í sama streng og vildi að deiluaðilar yrðu leiddir saman til að leysa úr sínum málum.

Þorsteinn kallaði eftir því að skrifum Sigurðar Hólm yrði svarað.

Kristinn leggur til að stjórnin segi af sér í heild og haldinn verði auka aðalfundur og kosið aftur. Einnig að samin verði ný og betri lög fyrir félagið sem endurspegli nýtt og stærra félag. Tekur annars undir tillögu Jóhanns og þá leið sem hann leggur til.

Kosið um tillögu Kristins, tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum

Stjórnin leggur til að tillaga Jóhanns verði unnin áfram á næstu dögum og lögð fram fullmótuð á næsta stjórnafundi.

### 3. Farið yfir aðkallandi verkefni nýrrar stjórnar

Aðkallandi verkefni bíða og verða leyst á netinu og á næsta fundi. Siggeir stofnar Facebook hóp fyrir stjórn. Kristinn fer með á fund Húmanista í Danmörku.

### 4. Þjóðskrármálið

Steinar lagði málið fram, og lagði til að farið yrði á fullt við að leysa úr þeim hnút, helst með aðkomu t.d. lögfræðings.

### 5. Netfangasöfnun

Steinar lagði til að hafin yrði vinna við að safna netföngum félagsmanna svo að hægt verði að hafa samband við félagsmenn.

### 6. Fundartími

Fundartími stjórnar verður fyrsti mánudagur í mánuði kl. 19:00.

**Fundi slitið klukkan: 14:30**

**Næsti stjórnarfundur haldinn:**

Mánudaginn 4. mars kl. 19:00